



2306. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 14. febrúar 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn á Laugardalsvöll: Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir og Pálmi Haraldsson.

Mættir varamenn: Sigrún Ríkharðsdóttir (tók sæti Ívars Ingimarssonar), Jón Sigurður Pétursson (tók sæti Unnars S. Sigurðssonar) og Hildur Jóna Þorsteinsdóttir (tók sæti Vöndu Sigurgeirsdóttur).

Á Teams: Tinna Hrund Hlynsdóttir.

Fjarverandi: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Ívar Ingimarsson, Unnar Stefán Sigurðsson, Orri V. Hlöðversson og Jón Rúnar Halldórsson.

Mættir starfsmenn: Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri, Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri (dagskrárliður 1) og Haukur Hinriksson lögfræðingur (dagskrárliður 2)

Mættir endurskoðendur: Birna María Sigurðardóttir og Kristján Þór Ragnarsson endurskoðendur Deloitte (dagskrárliður 1a).

Fundargögn:

- Fundargerð 2305.
 - Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um félagskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.
 - Tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.
 - Niðurstöður starfshóps um endurskoðun siðareglna og nýjar siðareglur KSÍ.
 - Yfirlit yfir viðurkenningar á ársþingi.
-

Borghildur Sigurðardóttir fyrsti varaformaður stýrði fundi í fjarveru Vöndu Sigurgeirsdóttur formanns KSÍ.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ tók sæti á fundinum ásamt þeim Birnu Maríu Sigurðardóttur og Kristjáni Þór Ragnarssyni endurskoðendum Deloitte.

1. Fjármál.

- a. Birna María Sigurðardóttir endurskoðandi kynnti lykiltölur úr ársreikningi 2023. Endurskoðendur árita reikning sambandsins án athugasemda. Ársreikningurinn verður sendur stjórn í rafrænni undirritun.

Birna María Sigurðardóttir og Kristján Þór Ragnarsson endurskoðendur Deloitte véku af fundi.

- b. Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2024 og þær breytingar sem hafa orðið á milli funda. Stjórn gaf fjárhags- og endurskoðunarnefnd umboð til að ganga frá endanlegri áætlun á fundi sínum á morgun. Ársreikningur og áætlun verða birt nk. föstudag í samræmi við lög sambandsins.

Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri vék af fundi.

Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ tók sæti á fundinum.

2. Lög og reglugerðir.

- a. Haukur Hinriksson lögfræðingur kynnti tillögu til breytinga á reglugerð KSÍ um félagskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillögur varða skylduákvæði FIFA um tímabundin félagskipti og kröfu um dvalarleyfi leikmanna í áhugamannadeildum. Málið hefur fengið ítarlega umfjöllun í LLR og í stjórn KSÍ. ÍTF og LSÍ fengu tillöguna til

- umsagnar en umsagnir bárust ekki. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögu til breytinga á reglugerð KSÍ um félagskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.*
- b. Haukur Hinriksson lögfræðingur kynnti tillögu til breytinga á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, en tillagan hefur þegar verið rædd á tveimur stjórnarfundum. *Stjórn samþykkti tillöguna um breytingar á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og jafnframt að skipa í nýja málskotsnefnd á næsta stjórnarfund.* Lögfræðingi KSÍ og framkvæmdastjóra var falið að undirbúa tillögu til stjórnar.
 - c. Haukur Hinriksson lögfræðingur kynnti niðurstöður starfshóps um endurskoðun siðareglna KSÍ. *Stjórn þakkar starfshópnum fyrir góða vinnu og samþykkti tillögu hópsins um kynningar- og samþykktarferli.*
 - d. Rætt um tillögu frá Vestra sem félagið hugðist senda fyrir ársþingið. Tillagan skilaði sér ekki til skrifstofu KSÍ fyrir skiladag vegna að því er virðist tæknilegra vandamála. Stjórn bendir Vestra á þann möguleika að óska eftir afbrigðum og óska eftir samþykki þingsins til að fá tillöguna inn á dagskrá þingsins.

Haukur Hinriksson lögfræðingur KSÍ vék af fundi.

3. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt.
 - a. Fundargerð 2305.
4. Eftirfarandi fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar:
 - a. Fundargerð knattspyrnu- og þróunarnefndar 8. febrúar 2024.
 - b. Fundargerðir fjárhags- og endurskoðunarnefndar 12. febrúar 2024.
5. Ársþing KSÍ 2024
 - a. Rætt um framkomin framboð og kosningar á þinginu.
 - b. Formanni, varaformanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir flutningsfólk tillagna KSÍ.
 - c. Framkvæmdastjóri KSÍ sýndi stjórn drög að árskýrslu KSÍ.
 - d. Lagt fram yfirlit yfir verðlaun og viðurkenningar á ársþinginu.
 - e. Framkvæmdastjóra gefið umboð til að bjóða gestum á þingið.
 - f. Rætt um heiðurskross á þinginu.
6. Önnur mál
 - a. Borghildur Sigurðardóttir varaformaður upplýsti stjórn um Norðurlandafund og UEFA þing sem fram fór í París í síðustu viku.
 - b. Rætt um heiðursmerkjaafhendingu á 125 ára afmæli KR.
 - c. Rætt um afrekssjóð ÍSÍ, en upplýsingar hafa borist um að ÍSÍ hafi óskað eftir viðbótarstyrk í sjóðinn. Í ljósi þessara upplýsinga hefur KSÍ hefur óskað eftir því að framkvæmdastjórn ÍSÍ endurskoði ákvörðun sína um synjun styrks til handa KSÍ. Í samræmi við bókun stjórnar frá 7. desember sl. hefur framkvæmdastjóri gengið frá ráðningu lögmanns til að gæta hagsmuna KSÍ gagnvart afrekssjóði ÍSÍ.
 - d. Fulltrúar KSÍ og FRÍ eiga fund með ráðherra og borgarstjóra á morgun vegna Þjóðarleikvangs.

Fundi slitið kl. 18:35.

Fundarritari
Klara Bjartmarz

Næsti stjórnarfundur:

- 23. febrúar 2024, stór stjórnarfundur

Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn 6. febrúar kl. 12.15. Var fundurinn haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Siguðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, , Orri Vignir Hlöðversson Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Ívar Ingimarsson

Mættir starfsmenn: Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri og Haukur Hinriksson lögfræðingur.

Viðfangsefni fundarins voru þær tillögur sem LLR vísaði til stjórnar til umsagnar:

Hæfisreglur	ÍTF	Stjórn KSÍ telur að nógildandi ákvæði í lögum KSÍ séu sett til að tryggja góða stjórnarhætti og eru þau í samræmi við vinnu starfshóps um stjórnskipulag KSÍ og leiðbeiningar frá UEFA. Rætt um beina hagsmunaárekstra og tengingu við HT styrki UEFA.
Dagskrá ársþings	Próttur V	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn
Réttindatekjur og þátttökugjöld	ÍTF	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn, það sem þarf að koma fram gerir það í umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar.
Fjöldi varamanna	ÍTF	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn, en minnir á aðkomu SÍS.
Leikmanns- og sambandsamningar	LSÍ	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn
Leikmannssamningar í 2. deild kvenna.	Haukar	Stjórn bendir á afleiðingarnar en tekur ekki efnislega afstöðu með eða á móti.
Lánareglur. Móðurfélag og dótturfélag	ÍTF	Tillaga breyttist, fyrri umsögn á ekki lengur við.
Sumarfrí leikmanna	LSÍ	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn, hefur ekkert við umsögn mótanefndar að bæta
Dómstólar	ÍTF	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn, er sammála tillögunni.
Tímasetning ársþings	ÍTF	Stjórn ákvað að skila ekki umsögn

Fleira var ekki á dagskrá.

Fundarritari

Klara Bjartmarz